Nr. 30.
11. júlí.

# Lög

um

dánarskýrslur.

**Vjer Frederik hinn Áttundi,** af guðs náð Danmerkur konungur. Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Prestur má ekki jarðsetja lík neins manns, er dáið hefur í kauptúni, sem er læknissetur, fyr en hann hefur fengið dánarvottorð hans frá lækni þeim, er stundaði hinn látna í banalegunni. Vottorðið skal læknir láta í tje ókeypis, ritað á eyðublað, er landlæknir lætur gera; skal þar tilgreina nafn hins látna, lögheimili, stöðu, dánardægur, dánarár og dauðamein.

Nú deyr maður í kauptúni, sem er læknissetur, og er ekki auðið að ná í lækni þann, er stundaði hinn látna, eða hafi enginn læknir sjeð hann í banalegunni, þá skal innan sólarhrings frá andlátinu sækja hjeraðslækni, eða annan löggiltan lækni, búsettan í kauptúninu, ef kostur er, til að skoða líkið og semja dánarvottorð. Fyrir þá líkskoðun fær læknir 1 kr. Skal greiða þann kostnað úr landssjóði.

2. gr.

Þá er prestur jarðsetur lík manns, er dáið hefur utan kauptúns, sem er læknissetur, skal hann, auk venjulegra atriða (nafns, aldurs, stöðu, dánardægurs og greftrunardags), rita í kirkjubókina dauðamein hins látna, eftir þeim skýringum, er hann getur beztar fengið.

3. gr.

Stjórnarráðið lætur prestum í tje eyðublöð undir dánarskýrslur, og tilgreinir prestur þar dauðameinið, sbr. 2. gr., og getur þess stuttlega, við hvað stuðst sje. Skal semja skýrslur fyrir hvert prestakall eða hluta úr prestakalli í hverju læknishjeraði.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

**Nr. 30.**
**11. Juli.**

om

## Dødsberetninger.

**Vi Frederik den Ottende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

*Gøre vitterligt*: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Naar et Dødsfald indtræffer i et Handelssted, hvor der er Lægebolig, maa Præsten ikke stede Liget til Jorden, forinden Dødsattest er fremskaffet fra den Læge, som behandlede den afdøde paa Dødslejet. Attesten udfærdiges af Lægen uden Vederlag paa Blanketter, som Landfysikus lader indrette; Attesten maa indeholde den afdødes Navn og Bopæl, Stilling, Dødsdag, Dødsaar og Dødsaarsag.

Naar et Dødsfald indtræffer i et Handelssted, hvor der er Lægebolig, og det ikke er muligt at faa fat i den Læge, som behandlede den afdøde, ligesom i Tilfælde af at ingen Læge har tilset ham paa Dødslejet, skal Distriktslægen eller om muligt en anden i Handelsstedet bosat autoriseret Læge hentes, inden et Døgn er forløbet efter Døden, for at syne Liget og udstede Dødsattest. For Ligsynet erholder Lægen en Betaling af 1 Kr., som udredes af Landskassen.

§ 2.

Naar en Præst steder et Lig til Jorden, og Dødsfaldet ikke er indtruffet i et Handelssted, hvor der er Lægebolig, skal han foruden de sædvanlige Oplysninger (Navn, Alder, Stilling, Dødsdag og Begravelsesdag) anføre i Ministerialbogen Dødsaarsagen ifølge de bedste Oplysninger, han kan indhente.

§ 3.

Ministeriet tilstiller Præsterne Blanketter til Dødsberetninger, hvori Præsten anfører saavel Dødsaarsagen ifølge § 2 som en kort Angivelse af, hvorpaa Opgivelsen er begrundet. Beretningerne affattes for hvert Præstekald eller Del af et Præstekald i hvert Lægedistrikt.

Nr. 30. 11. júlí.

Þessar skýrslur skal prestur senda hjeraðslækni sínum ásamt dánarvottorðum, ef nokkur eru, svo og útdrátt úr manntalsskýrslu sóknarinnar um manntal kauptúnsins.

Hjeraðslæknir rannsakar skýrslurnar, er til dauðameinsins kemur, og bætir úr því, er hann finnur ábótavant; skal hann því næst semja eina dánarskýrslu fyrir alt hjeraðið, eftir fyrirmælum landlæknis, og senda þá skýrslu til hans ásamt öðrum ársskýrslum, og láta fylgja skýrslu prestanna.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 11. júlí 1911.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Frederik R.***

(L. S.)

***Kristján Jónsson.***

Nr. 30. Lög 11. júlí um dánarskýrslur.

Disse Beretninger indsender Præsten til vedkommende Distriktslæge tillige med Dødsattester, hvis saadanne eksistere, samt Uddrag af Sognets Mandtalsfortegnelse om Mandtallet i Handelsstedet. Nr. 30. 11. Juli.

Distriktslægen undersøger Beretningerne med Hensyn til Dødsaarsag og bøder paa det, han maatte finde mangelfuldt; derpaa skal han affatte en Dødsberetning for hele Distriktet i en af Landfysikus foreskreven Form, hvilken Beretning ledsaget af Præsternes Beretninger han har at indsende til Landfysikus sammen med andre Aarsberetninger.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 11. Juli 1911.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Frederik R.***

(L. S.)

***Kristján Jónsson.***

---

**Islands Ministerium, den 11. Juli 1911.**

***Kristján Jónsson.***

*Jon Krabbe.*